

Menntaskólinn á Akureyri
Vorönn 2012
Spænska 103

Námsáætlun
Málfræði og menning

Námsefni

Mundos nuevos 1 (Lesbók og vinnubók -ný og endurbætt útgáfa -)
Bodil Hellström Groth og fleiri; Pétur Ástvaldsson og Sigríður
Ragnarsdóttir þýddu. - Mál og menning, Reykjavík 2006
Verkefnahefti í málfræði
Spænsk-íslensk orðabók (valbók)

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á grundavallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Nemendur læra helstu framburðarreglur og helstu reglur um áherslur. Réttitun og framburður eru æfð ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti og tileinki sér þann orðaforða sem er í kennslubókinni og þjálfaður er markvisst í kennslustundum. Nemandi geti þannig tekið þátt í einföldum samræðum. Kynnt er hin fjölbreytilega menning hins spænskumælandi heims t..d hvar í heiminum spænska er töluð.

Áfangamarkmið

Framburður

Nemandi læri, helstu framburðarreglur – nánar tiltekið

- mismunandi framburð b/d/ð – Barcelona, Valencia, dinero, hablado
- mismunandi framburð g-hljóða – gustar, guerra, Gibraltar, gente
- framburð k-hljóða – cacao, cocina, queso
- framburð þ-hljóða – zapato, zorro, zumo, cepillo, cine
- framburður á j, ñ, rr, ll og ch
- hljóðleysi h

Orðaforði

- byggi upp orðaforða um athafnir daglegs lífs og tileinki sér þann orðaforða sem er í kennslubókinni og þjálfaður markvisst í kennslustundum, nánar tiltekið:
- að lýsa sjálfum sér og öðrum
- að tala um fjölskyldu sína, atvinnu og nánasta umherfi
- tölur og tjá sig um tíma (nöfn árstíða og vikudaga, dagsetningar)

Málfræði

- Nemandi læri grundavallaratriði í málfræði
- beygingar reglulegra sagna og afturbeygðra sagna í nútíð

- beygingar helstu óreglulegra sagna og hljóðskiptasagna í nútíð
- mun á sögnunum sem þýða að vera: ser, estar, haber (hay)
- nána framtíð (ir a comprar)
- sagnir svo sem gustar
- kyn og tölu nafnorða og lýsingarorða
- ákveðinn og óákveðinn greini
- fornöfn (spurnarfornöfn, persónufornöfn, ábendingarfornöfn og eignarfornöfn)
- algengar forsetningar eins og a, en, og de

Hlustun

Nemandi skilji almenn orð og einfaldar setningar, nánar tiltekið

- þegar viðmælandi talar hægt og skýrt með hléum um sjálfan sig og fjölskyldu sína
- þegar viðmælandi talar hægt og skýrt með hléum um nánasta umhverfi
- efni af hljóðböndum úr kennsluefni/kennslubók

Málskilningur – lestur

Nemandi skilji allt það lesefni sem farið er í tímum og geti unnið verkefni tengd því, nánar tiltekið

- kunnuglegt nöfn, orð og mjög einfaldar setningar
- tilkynningar, auglýsingar og upplýsingar um einföld atriði daglegs lífs
- texta sem tilheyri kennsluefni

Tjáning og samskipti

Nemandi geti tekið þátt í einföldum samræðum við annað fólk, nánar tiltekið

- beðið viðmælandi um að endurtaka og tala hægar
- spurt og svarað einföldum spurningum varðandi grunnþarfir sínar
- myndað stuttar einfaldar setningar
- gefið upplýsingar um sjálfan sig (nafn, aldur, þjóðerni, starf, kyn, heimilisfang, símanúmer..og lýst vinum og fjölskyldu.)
- talað um menntun og tómstundir
- skrifi texta með því að styðjast við kennslubók
- skrifi einfalt persónulegt bréf - póstkort

Menning

Nemandi kynnist fjölbreytileika og víðfeðmi hins spænskumælandi heims, nánar tiltekið hvar í heiminum spænska er töluð og geti nefnt þau lönd á spænsku.

Námsmat

Áfangapróf	10%	
Verkefni	10%	2x5%
Vinnuframlag (mætingar, vinna í tímum, jákvæðni, verkefnaskil...)	10%	
Munnlegt próf	10%	
Lokapróf	60%	

Birt með fyrirvara um breytingar á námi og námsmati og með vonum um góða samvinnu - Örn Þór Emilsson thor@ma

Verkefnavinna -

1. Skila vinnumöppu

- a) glósur**
- b) verkefni úr lesbók og vinnubók**
- c) önnur verkefni**

2. Stærri verkefni

- a) verkefni um landafræði Spánar**
- b) verkefni um Suður Ameríku**
- c) verkefni um frægan spænskumælandi persónu**
- d) verkefni um þekkta spænskan hlut**

3. Geta unnið verkefni saman – ein – í stærri hóp